

Bekkjarbladið Kalli

Akureyri - 2020



Skapandi skóli
Hugur - hönd - heilbrigði





KÓKOSKÚLUR

Kalli elskar einfaldar og fljótlegar uppskriftir en kókoskúlur eru einmitt eitt það auðveldasta í bakstri. Það þarf ekki einu sinni að bíða eftir þeim í ofni sem er snilld!

Holl og góð kókoskúluuppskrift.

2 bollar af döðlum (saxaðar gröft)
1 bolli af soðnu vatni
3 msk. brædd kókosolía
1 ts. vanilludropar
½ ts. salt
3 msk. kakó
1 bolli hakkaðar möndlur
2 bollar haframjöl
1 dl. kókosmjöl

Aðferð

1. Hellið soðna vatninu yfir söxuðu döðlurnar og leyfið að standa í 30 mínútur.
2. Maukið döðlurnar í blandara/matvinnsluvél og hellið kókosolíu og vanilludropum saman við, ásamt salti og kakói.
3. Bætið hökkum möndlum og haframjöli saman og knóðið svo saman í höndunum.
4. Kælið í klukkustund áður en kúlurnar eru mótaðar. Búið til litlar kúlur og rúllið síðan kúlunum upp úr kókosmjölinu

Brynja og Fannar Trausti

KÖKUPINNAR OMM, NOMM!

UPPSKRIFT

150 g rjómaostur

4 dl flórsykur

4 msk. smjör

4 msk. kakó

1 brúnn kókubotn, t.d. djöflaterta

150 - 200 g hjúpsúkkulaði, brætt við vægan hita yfir vatnsbaði

Stuttir grillpinnar

Skraut eftir smekk

1. Rjómaosturinn, flórsykurinn, smjörin og kakóið hraert

saman og krem búið til.

2. Tætið kókubotninn niður í skál og setjið eins mikið af kreminu saman við og þarf til að gera þykka blöndu sem hægt er að gera kúlur úr. Stundum þarf ekki allt kremið en magnið fer eftir því hvernig kakan er og hversu stór hún er.
3. Takið kúfaða eða hálfkúfaða teskeið af blöndunni og mótið fallegar kúlur úr því.
4. Hjúpið kúlurnar með bræddu súkkulaði, stingið grillpinna í þær og skreytið eftir smekk.

Brynja og Fannar Trausti



Fortnite leikurinn yinsæll sem aldrei fyrr!



ÁRIÐ 2017 KOM TÖLVULEIKURINN FORTNITE ÚT. HANN ER ORÐINN EINN ALLRA VINSÆLASTI TÖLVULEIKUR HEIMS. ÞRÁTT FYRIR AÐ TÖLVULEIKURINN SÉ BANNAÐUR INNVAN 12 ÁRA HEFUR HANN SLEGIÐ Í GEGN HJÁ BÖRNUM OG UNGMENNUM.

LEIKURINN GENGUR ÚT Á AÐ BERJAST Á EYJU MEÐ ALLS KONAR SKOTVOPNUM OG TÓLUM ÞAR SEM BARIST ER TIL SÍÐASTA BLÓÐDROPA, YMIST Í LIÐUM EÐA ALLIR Á MÓTI ÖLLUM. ÞEGAR SPILARARNIR TAPA TÖLUNNI EINN AF ÖÐRUM MINNKAR EYJAN OG AÐ LOKUM STENDUR EINN EFTIR SEM SIGURVEGARI.

ÚTLIT FORTNITE ER BJART, FULLT AF SKÆRUM LITUM OG MEÐ TEIKNIMYNDALEGUM PERSÓNUM. SKEMMTILEGUR HÚMORINN DREGUR SÍÐAN FÓLK AÐ. ÞAÐ ER HÆGT AÐ

NÁLGAST AUKAHLUTI SEM VIRKA KJÁNALEGIR EINS OG GEIMGALLA EÐA RISAEÐLUFÖT!

ANNAÐ DÆMI UM LEIKGLEÐINA SEM EINKENNIR FORTNITE ERU DANSSPORIN SEM PERSÓNUR STÍGA ÞEGAR ÞEIM TEKST ÆTLUNARVERK SITT. DANSSPORIN KOMA ÚR POPPMENNINGUNNI OG HAFA MÖRG SPORIN ÖÐLAST VINSÆLDIR HJÁ YNGSTU SPILURUM LEIKSINS.

ÞETTA ER SKEMMTILEGUR LEIKUR OG ÞAÐ ER EINFALT AÐ LÆRA HANN.

Willi, Hafsteinn og Fannar Trausti

KALLA FINNST GÆLUDÝR GÓÐIR FÉLAGAR... ...oft á tíðum stríðin en alltaf skemmtileg!



Já, nei...hingað og ekki lengra!!!



Uuhh, nei, hann gerði það!



Það er eiginlega ekki hægt að vera meira happy!



Varstu að segja eitthvað???




Krúttað yfir sig:)



Ekki séns að þú tákir mynd!



Ok þú...fílbúinn í göngutúr?



I Believe I Can Fly...einmitt!



Í alvöru...ég er með 5 háskólagráður!!!



Ekkert að fréttast??



YOLO



Þetta var geggið sumar:)

STJÖRNUSPÁ



HRÚTURINN

21. mars-19. apríl
Þið skuluð vara ykkur á Hrútnum í Glerárskóla því hann stangar mann á göngunum. Hittu vini í næstu viku. Happendagur 28. október og happatala 7.



VOGIN

23. september -22. október
Í matreiðslu þurfa allar vogir að reyna að halda jafnvægi svo þær detti ekki í djúpsteikingarpottinn næstu þrjár vikurnar. Kannksi ertu að ofhugsa hlutina en það er einhver rosalega hrifin/n af þér. Happendagur 3. júlí og happatala 4.



NAUTIÐ

20. apríl-20. maí
Það er enginn leikur að verða á vegi Nautsins í frímó. Ekki einu sinni láta á það reyna! Þú hefur felld tár eins og klaki í sólinni en nú er nóg komið! Happendagur 11. janúar og happatala 4.



SPORÐDREKINN

23. október -21. nóvember
Í gömlum heimildum er sagt frá Sporðdreka sem er grafinn fyrir utan Glerárlaug. Þar situr hann á gulli en þú getur fundið gullið í frímó því þá sefur sporðdrekin. Happendagur 5. ágúst og happatala 4.



TVÍBURARNIR

21. maí -20. júní
Eru alltaf glaðir og hoppa og skoppa í íþróttum. Það er samt eitthvað ves í gangi svo vertu orðahamstur og geymdu erfiðustu athugasemdirnar inni í kinnunum. Happendagur 30. maí og happatala 5.



BOGAMAÐURINN

22. nóvember - 21. desember
Eru miklir áhrifavaldar í skólanum. Þeir geta unnið allar keppnir og öll verðlaun. Ef þú sendir efni frá þér næstu tvær vikurnar þá muntu vinna margar milljónir í verðlaunafé. Happendagur 21. febrúar og happatala 3.



KRABBINN

21. júní - 22. júlí
Frímínúturnar í skólanum eru skemmtilegar þegar allt gengur vel. En oft verða árekstrar og á næsta þriðjudag gæti komið sprengja!! Happendagur 2. desember og happatala 9.



STEINGEITIN

22. desember - 19. janúar
Passaðu þig á geitinni því hún getur stangað þig ef þú ferð ekki í sturtu eftir íþróttatíma. Ef þig dreymir vin þinn þá skaltu fara í ísferð næst þegar þið hittist. Happendagur 9. maí og happatala 5.



LJÓNIÐ

23. júlí -22. ágúst
Ljónið passar upp á að allir borði matinn sinn svo ekki soa matnum. Einhver í bekknum þínum fær hjartað til að taka aukakippi, spennandi! Happendagur 13. nóvember og happatala 1.



VATNSBERINN

20. janúar - 18. febrúar
Næst þegar þú færð þér vatn mun það verða grænt og þú breytast í Shrek. Það er ekki það versta því þegar þú spýtir því út úr þér þá missir þú buxurnar niður um þig. Happendagur er 27. nóvember og happatala 8.



MEYJAN


23. ágúst -22. september
Mejjan sveiflar hárinu til og frá og strákanir horfa á með aðdáun. Passaðu að hafa nóg af hárnæringu til að hárið fari ekki í einn flóka. Happendagur 17. mars og happatala 8.



FISKARNIR

19. febrúar - 20. mars
A öskudaginn færðu bara fisk en ekkert nammi. Ekki nóg með það því orðrómur hleypur um skólalóðina eins og skúnkur og spreypjar ást út um allt. Happendagur 19. apríl og happatala 16.

Ólöf Alda



VI Ồ TALI Ồ



Hvað heitir þú? **Fjóla.**
Hvenær byrjaðir þú að æfa skíði? **6 ára.**
Númer hvað notar þú af skíðaklossum? **39.**
Hvað ferðu oft á æfinu í viku? **5 sinnum í 2 tíma.**
Hefur þú æft eitthvað annað en skíði? **Já, sund, fimleika og dans.**
Stefnir þú að fara út í heim að keppa á skíðum? **Já.**
Hvert ertu að stefna í lífinu? **Veit ekki.**
Borðar þú eitthvað sérstak fyrir æfingu? **Hollt og gott.**
Áttu gæludýr? **Nei.**
Áttu systkini í Gleraskóla sem æfa íþróttir? **Já**
Nú hefur þú unnið mörg verðlaun en hver eru sætustu verðlaunin?
Unglingameistara íslands.
Hefur lent í meiðslum? **Nei.**
Hefur þú unnið margar medalíur? **Já**
Hver eru áhugamálin þín? **Skíði.**

Jón Páll og Ólöf



Uppáhaldsorðið
á ganginum!



Hvað heitir þú? **Igor.**
Hvenær byrjaðir þú að æfa handbolta?
Fyrir fjórum árum eða 11 ára.
Númer hvað notar þú af handboltaskóm?
42.
Hvað ferðu oft á æfinu í viku? **5 sinnum eða 7 klukkutíma á viku.**
Hvað var asnalegasta atvikið þitt í handbolta? **Braut á mér öklann þegar ég missteig mig í leik.**
Hefur þú æft eitthvað annað en handbolta? **Bodybulding.**
Stefnir þú að fara út í heim að keppa í handbolta? **Já til dæmis á Spáni.**
Hvert ertu að stefna í lífinu? **Atvinnu handboltamaður.**
Borða þú eitthvað sérstak fyrir æfingu? **Kreatin.**
Áttu gæludýr? **Kött og fisk.**
Áttu systkini í Gleraskóla sem æfa íþróttir? **Bróður í 7. bekk sem æfir handbolta líka.**
Hefur þú lent í meiðslum? **Já lenti illa á fæti.**
Hefur þú unnið margar medalíur? **Nei.**
Hver eru áhugamálin þín? **Box.**



Jón Páll og Öf



Jón Páll og Ólöf

GEÐVEIKA FIMMAN!

1. KALT VATN

Eftir þú þreytt/ur á morgnana eða villt hressa aðeins ypp á húðina? Skvettu þá smávegis af isköldu vatni framman í þig. Þú vaknar við það og húðin þín líka.

2. FÖT Í SKAERUM LITUM

Nennir þú ekki að mála þig áður en þú hleypur út? Klæddu þig þá í bleika peysu eða eitthvað í skaerum lit, það fær húðina til að virka frísklegri.

3. NUDDAÐU ANDLITIÐ

Er andlitið ennþá þínulítið þreytulegt? Nuddaðu þá létt yfir andlitið áður en þú ferð út og húðin fær fríkslegri ljóma.

4. UPP MEÐ HÁRIÐ

Þreytt hár? Settu það þá bara upp í hnút eða tagl. Með því að greiða hárið frá andlitinu líður þér strax betur.

5. BRÖSTU

Skemmtu þér, hlæðu og vertu glöð. Hver þarf maskara og varagloss þegar maður lýsir upp herbergið með persónuleika sínum?

Melrós - Lilja - Hafsteinn

LJÓÐAHORNIÐ!

Ég sé kisu út í haga,
hún er að klaga,
því henni er illt í maga.



Harpa Karen 2. bekk

Á sólpallinum er heitur pottur.
Þar er gott að liggja og horfa upp,
finna vatnið allt um kring.
Stjörnurnar og tunglið glampa á himninum.

Kisan kemur og fær sér sopa.
Hún hleypur hratt um pallinn.
Fuglarnir syngja
og ríngingin er góð.
Þetta er góð minning.

Mýra kisan mín er dain.

Mýra ljúfa góða,
ég elska þig.
Langar að fá þig aftur.
Mig langar alltaf að fá knúsið þitt,
en ég mun hitta þig seinna.

Kannski er Mýra á tunglinu,
og fylgist með mér.
Hún lifir kannski bara enn?
Bara öðruvísi lífi!

Hrafnhildur Jana, 2. bekk

Lin

		1	5	7		3	8	
		8	6					4
	9			4				2
		4	7	5				
	8		9	3	4			5
				6	1	2		
8				1				9
3					6	1		
	4	5		9	7	8		

Mjúk

	5		6		8			
							1	2
9		6		3	4	5		
		3		7		8	5	6
		5				7		
8	7	2		6		4		
		4	9	8		2		5
5	6							
			3		1		6	

Hörð

4					3	1	6	
							8	5
		9	6		4			
	2	1						
9			1		7			6
						5	1	
			5		6	9		
8	9							
	3	7	4					8

SUDOKU

Lin

	7		8			6		4
5	1					9		
8			1	9	7	5	2	
	9	7	3			8		
				1				
		5			9	1	4	
	5	2	9	7	3			1
		8					9	6
9		1			2		3	

Mjúk

	3	8		7	2		5	1
			6					
9			3					
	9			3		5		6
		1	2		8	9		
3		2		6			1	
					3			4
					6			
2	6		5	9		1	7	

Hörð

		8	5				9	
1				3				6
7	9		2	1				
		5	1				8	
	6				8	4		
				7	2		1	4
4				8				3
	3				1	7		



JÓLASVIÐIÐ

eftir Ólöfu Öldu



Það eru að koma jól. Bríet er 12 ára gömul. Hún á heima hjá mömmu sinni og pabba. Afi hennar, pabbi mömmu Bríetar, á líka heima hjá þeim. Amma hennar Bríetar dó þegar mamma hennar var ung stelpa. Bríet hafði mikinn áhuga á söng og var ákveðin í að syngja á tónleikum í skólanum. Besta vinkona Bríetar heitir Sandra og þær eru jafn gamlar. Þær voru oftast samferða heim úr skólanum og töluðu um margt á leiðinni. Bríet var lögð af stað heim en stoppaði þegar hún heyrði Söndru kalla.

Sandra: Hæ Bríet! Bíddu eftir mér, viltu ekki vera samferða?

Bríet: Jú, jú.

Sandra sá að Bríet var að hugsa um eitthvað allt annað en skólann.

Sandra: Ertu spennt fyrir jólatónleikunum?

Bríet: Já, já, en líka svolítið kvíðin.

Sandra: Af hverju ertu kvíðin?

Bríet: Mig langar að taka þátt en er samt eiginlega ekki að þora það.

Sandra: Já, ég skil þig. Viltu hitta mig í kvöld eftir kvöldmat og við getum æft okkur?

Bríet: Nei, æ, fyrirgefðu, ég ætla að fara til afa með mömmu og pabba.

Við vorum búin að ákveða að horfa á jólamynd saman.

Sandra: Ok, allt í lagi, ég finn mér þá eitthvað annað að gera.

Bríet: Ok.

Sandra Viltu vera samferða á morgun?

Bríet: Líklegast skutlar afi mér en viltu far?

Sandra: Já, já, við sjáumst á morgun.

Bríet: Já gerum það.

Sandra: Ok, bæ.

Það er komið kvöld og húsið er allt fallega jólaskeytt. Fjölskyldan situr saman inni í stofu og horfir á jólamynd. Það var mjög kósý, kertaljós og fallegar seríur í glugganum. Mamma teygir sig í fjarstýringuna og slekkur á sjónvarpinu og segir:

Mamma: Bríet mín, farðu nú inn í herbergi að sofa.

Bríet: En ég vil það ekki, ég vil klára myndina.

Pabbi: Þú getur það ekki, það er stór dagur framundan á morgun og þú þarft að hvílast vel.

Bríet: En ég vil klára jólamyndina.

Mamma (pirruð): Ég kem ekki á jólatónleikana ef þú ferð ekki að sofa!

Bríet: Hvernig geturðu sagt þetta?

Bríeti sárnar hvernig mamma hennar og pabbi tala við hana. Hún rýkur inn í herbergi og gerir sig klára fyrir háttinn. Frammi segir mamma við pabba:

Mamma: Hvað hef ég gert, ég meinti þetta ekki. Ég er bara eitthvað svo pirruð og ég finn að allt þetta jólastúss lætur mig sakna mömmu.

Pabbi gefur mömmu hughreystandi knús.

Afi segir blíðlega við mömmu: Ég sakna líka mömmu þinnar. Leyfðu mér að tala við Bríeti.

Bríet heyrir að það er bankað á hurðina hjá henni og heldur að það sé mamma. Hún verður hissa þegar hún sér að afi stendur í hurðagættinni og spyr hvort hann megi koma inn.

Afi: Elsku Bríet mín, af hverju viltu ekki fara að sofa? Er eitthvað að angri þig?

Bríet fer að gráta og svarar afa: Já ég er stressuð fyrir þessum tónleikum.

Afi: Amma þín var líka alltaf stressuð daginn áður en hún átti að fara á svið. En það sem hún stóð sig alltaf vel og söng svo fallega.

Afi brosir við tilhugsunina.

Bríet: Afi, viltu segja mér hvernig þið amma kynntust?

Afi: Nýju nágrannarnir voru að koma sér fyrir í húsinu við hliðina á okkar. Ég hafði verið að fylgjast með mönnunum að bera inn húsgögn þegar ég heyrði fallegan söng. Þar sá ég hana, ömmu þína, þá vorum við bæði á þínum aldri. Hún var inni í herberginu sínu en það voru ekki komnar neinar gardínur ennþá og glugginn var opinn. Skyndilega hætti hún að syngja og ég sá að hún hafði komið auga á mig. Hún kom út og spurði mig:

Amma: Finnst þér ég vera með lélega rödd?

Afi: Nei, mér fannst þetta geggjað flott. Verður þetta herbergið þitt?

Amma: Já, við erum að flytja hingað. Ert þú í þessum skóla?

Afi: Já, ég er í 10. bekk.

Amma: Ég líka.

Daginn eftir í skólanum þá voru allir að tala um nýju stelpuna. Ég hafði ekki getað hætt að hugsa um hana og hlakkaði mikið til þess að sjá hana aftur. Ég veit ekki hvort það kom henni meira á óvart eða mér sjálfum en ég varð svo feiminn þegar ég sá hana að ég faldi mig á bak við vin minn. Vinur minn hló svo mikið og spurði hvort við bektumst.

Amma þín sá þetta og kom til okkar og heilsaði okkur báðum. Hún

spurði mig hvort ég væri að fela mig og ég svaraði eins og kjáni:

Afi: Já, kennarinn sagði okkur að fara í feluleik.

Sem betur fór fannst ömmu þinni þetta fyndið og hún hló.

Kennarinn kallaði á okkur öll og benti á að þar sem það stýttist í jólin þá þyrftum við að undirbúa jólasemmtunina og ef einhverjir hefðu áhuga á að taka þátt í þeim þá yrðu þeir prófurnir fljótlega. Amma þín var mjög áhugasöm og greinilegt að hún ætlaði sér að taka þátt í þessum tónleikum. Mig langaði til þess að hvetja hana áfram og sagði við hana:

Afi: Ef þú tekur þátt í tónleikunum viltu þá leyfa mér að fagna með þér, til dæmis bjóða þér á sleða?

Amma: Eigum við ekki bara að fara á sleða í dag?

Við fórum saman á sleða þennan dag. Hún var svo glöð og hláturinn hennar smitandi. Ég sat fyrir framan hana á sleðanum og hún hélt fast utan um mig. Við fengum okkur svo kakó og ristað brauð heima hjá henni. Mamma hennar virtist mjög ánægð með að hún væri strax búin að eignast vini. Næstu daga vorum við alltaf samferða í skólann. Einn daginn var kallað á hana og henni sagt að hún hefði fengið aðalhlutverkið á tónleikunum. Hún var mjög glöð en á sama tíma mjög kvíðin. Þegar ég spurði hana út í það sagðist hún elska að syngja en eina vandamálið væri að hún gæti ekki sungið fyrir framan aðra. Hún sagði mér frá því að hún hafði farið að gráta síðast þegar hún ætlaði að syngja fyrir framan krakka. Þau hefðu hlegið að henni og kallað hana væluskjóðu. Ég settist við hliðina á henni og tók í höndina á henni.

Afi: Þetta verður allt í lagi, þú kemst yfir þetta og ég verð þarna hjá þér.

Amma: Takk fyrir að vera svona góður vinur.

Mér fannst hún horfa endalaust í augun á mér og ég vildi alls ekki að þetta augnablik myndi líða. En við stóðum upp og lögðum af stað heim.

Daginn sem tónleikarnir voru þá bað hún mig að koma með. Hún var mjög kvíðin en um leið og hún fór á sviðið þá var eins og hún væri bara að syngja fyrir mig. Hún söng af miklum krafti og svo fallega. Hún söng fyrir salinn en hún horfði í augun mín. Allur salurinn var hrifinn af henni og klappaði og hrópaði. Það sem kom mér mest á óvart var að hún stökk niður af sviðinu og hljóp til mín, vafði höndunum utan um mig og kyssti mig fyrir framan alla í skólanum. Þannig byrjuðum við saman, ég og amma þín, fyrir framan alla krakkana í skólanum.


Ég elskaði að horfa á ömmu þína syngja. Svo ein jólin veiktist amma þín mikið og við misstum hana. Þegar amma þín dó þá vorum við mamma þín bara tvö. Það var oft erfitt. En mikið var gaman þegar mamma þín varð ástfangin af honum pabba þínum. Þau hittust í fótboltanum eins og þú veist. Pabbi þinn fékk að flytja inn til okkar og svo komst þú, litla gullið okkar allra.

Jólin eru yndislegur tími en við söknum oft ömmu þinnar. Gerðu það fyrir mig, ekki vera reið við mömmu þína, hún ætlaði ekki að vera svona hvöss við þig. Hún kvíðir fyrir því að mæta á tónleikana á morgun því þeir minna hana á ömmu þína. En elsku Bríet, við munum að sjálfsögðu öll mæta. Amma þín verður pottþétt með þér á sviðinu.

Bríet faðmaði afa sinn og fór að sofa.

Það var komið að tónleikunum hjá Bríeti. Hún var ekki lengur eins kvíðin því hún hugsaði um ömmu sína. Allt gekk vel og hún var viss um að það sem hélt kvíðanum frá var ást. Hún gerði eins og amma hennar hafði gert, horfði á fólkið sitt í salnum sem hún elskaði. Afa, mömmu, pabba og Söndru vinkonu. Henni fannst hún jafnvel sjá ömmu í salnum.

Þessi jól urðu þau allra bestu sem hún hafði upplifað.



Kári og Bragi

Kári um Braga



1. Afmælisdagur? (27. mars): **31. janúar.**
2. Uppáhalds fagið? (Frímó): **Matur.**
3. Hversu mörg systkini? (3): **þrjá.**
4. Á vinur þinn gæludýr? (Kött): **Kött.**
5. Uppáhalds litur? (Rauður): **Rauður.**
6. Æfir vinur þinn eitthvað? (Nei): **Nei.**
7. Uppáhalds lagið? (Pass): **Pass.**
8. Uppáhalds maturinn? (Hamborgari): **Hamborgari.**
9. Uppáhalds tónlist? (Pass): **Rapp.**
10. Uppáhalds dýrið? (Köttur): **Hundur.**
11. Dulinn hæfileiki. (Engin): **Cravings.**
12. Hawaii eða Spánn? (Spánn): **Hawaii.**
13. Uppáhalds fatamerki? (66): **DC.**
14. Drauma starfið? (Pass): **Vísindamaður.**
15. Appelsín eða kók? (Kók): **Kók.**

1 rétt

Bragi um Kára

1. Afmælisdagur? (21. sept): **21. september.**
2. Uppáhalds fagið? (Matur): **Frímó.**
3. Hversu mörg systkini? (2): **Tvö.**
4. Á vinur þinn gæludýr? (Nei): **Nei.**
5. Uppáhalds litur? (Grænn): **Grænn.**
6. Æfir vinur þinn eitthvað? (Nei): **Nei.**
7. Uppáhalds lagið? (Box): **Pass.**
8. Uppáhalds maturinn? (Pylsur): **Pass.**
9. Uppáhalds tónlist? (Rapp): **Rapp.**
10. Uppáhalds dýrið? (Hundur): **Hundur.**
11. Dulinn hæfileiki. (Keyra bíl): **Fyndinn.**
12. Hawaii eða Spánn? (Hawaii): **Spánn.**
13. Uppáhalds fatamerki? (Kapa): **Thrasher.**
14. Drauma starfið? (Smiður): **Bílvirki.**
15. Appelsín eða kók? (Kók): **Kók.**

1 rétt

Bríet um Ölmú

1. Afmælisdagur? (21. júní): **21. júní.**
2. Uppáhalds fagið? (Íþróttir): **Íþróttir.**
3. Hversu mörg systkini? (2): **Tvö.**
4. Á vinur þinn gæludýr? (3 ketti): **þrjá ketti.**
5. Uppáhalds litur? (Blár): **Gulur.**
6. Æfir vinur þinn eitthvað? (Fótbolta): **Fótbolta.**
7. Uppáhalds lagið? (11): **Draumur um Nínu.**
8. Uppáhalds maturinn? (Innbakað oumph): **Hnetusteik.**
9. Uppáhalds tónlist? (Popp): **Key-popp.**
10. Uppáhalds dýrið? (Köttur): **Köttur.**
11. Dulinn hæfileiki. (Muna texta): **Ofurstressuð.**
12. Hawaii eða Spánn? (Hawaii): **Hawaii.**
13. Uppáhalds fatamerki? (Nike): **Nike.**
14. Drauma starfið? (Fótboltamaður): **Sjúkraliði, nuddari.**
15. Appelsín eða kók? (Appelsín): **Appelsín.**

Bríet og Alma

Alma um Bríeti

1. Afmælisdagur? (23. maí): **23. maí.**
2. Uppáhalds fagið? (Íþróttir): **Íþróttir.**
3. Hversu mörg systkini? (2): **Tvö.**
4. Á vinur þinn gæludýr? (Nei): **Nei.**
5. Uppáhalds litur? (Blár): **Blár.**
6. Æfir vinur þinn eitthvað? (Sund): **Sund.**
7. Uppáhalds lagið? (Draumur um Nínu): **Whenever.**
8. Uppáhalds maturinn? (Sushi): **Tortilla.**
9. Uppáhalds tónlist? (Íslensk): **Popp.**
10. Uppáhalds dýrið? (Gíraffi): **Hundur.**
11. Dulinn hæfileiki. (Nei): **Muna texta.**
12. Hawaii eða Spánn? (Hawaii): **Hawaii.**
13. Uppáhalds fatamerki? (Nike): **Nike.**
14. Drauma starfið? (Eiga fyrirtæki sem sérhæfir sig í að bæta náttúruna en græða fullt af pening á því): **Vinna við það sem gefur mikinn pening.**
15. Appelsín eða kók? (Appelsín): **Appelsín.**

10 rétt

9 rétt



Karen og Sonja

Karen um Sonju

1. Afmælisdagur? (30. okt): **pass.**
2. Uppáhalds fagið? (Stæ): **Íslenska.**
3. Hversu mörg systkini? (2): **Tvö.**
4. Á vinur þinn gæludýr? (Nei): **Nei.**
5. Uppáhalds litur? (Rauður): **pass.**
6. Æfir vinur þinn eitthvað? (Nei): **Nei.**
7. Uppáhalds lagið? (pass): **pass.**
8. Uppáhalds maturinn? (pizza): **pass.**
9. Uppáhalds tónlist? (Ísl): **pass.**
10. Uppáhalds dýrið? (Hamstur): **Hundur.**
11. Dulinn hæfileiki. (pass): **Splitt.**
12. Hawaii eða Spánn? (Spánn): **Spánn.**
13. Uppáhalds fatamerki? (Nike): **Under Armour.**
14. Drauma starfið? (Hárgreiðslukona): **pass.**
15. Appelsín eða kók? (Kók): **Appelsín.**

5 rétt



Sonja um Karen

1. Afmælisdagur? (14. janúar): **14. janúar.**
2. Uppáhalds fagið? (Ísl): **pass.**
3. Hversu mörg systkini? (3): **þrjú.**
4. Á vinur þinn gæludýr? (Hamstur): **Hamstur.**
5. Uppáhalds litur? (Svartur): **Svartur.**
6. Æfir vinur þinn eitthvað? (Fimleika): **Fimleika.**
7. Uppáhalds lagið? (Meiri snjór): **pass.**
8. Uppáhalds maturinn? (píta): **pass.**
9. Uppáhalds tónlist? (pass): **pass.**
10. Uppáhalds dýrið? (Hamstur): **Hamstur.**
11. Dulinn hæfileiki. (Fimleikar): **pass.**
12. Hawaii eða Spánn? (Spánn): **Spánn.**
13. Uppáhalds fatamerki? (Under Armour): **Nike.**
14. Drauma starfið? (pass): **Hárgreiðslukona.**
15. Appelsín eða kók? (Appelsín): **Appelsín.**

9 rétt

Viktor um Sveinberg

1. Afmælisdagur? (1. september): **1. september.**
2. Uppáhalds fagið? (Náttúrufræði): **Náttúrufræði.**
3. Hversu mörg systkini? (2): **Tvö.**
4. Á vinur þinn gæludýr? (2 kettil): **Tvo kettil.**
5. Uppáhalds litur? (Rauður): **Miðnæturfjólublár.**
6. Æfir vinur þinn eitthvað? (Ræktin): **Nei.**
7. Uppáhalds lagið? (Ekkert sérstakt): **Ekkert.**
8. Uppáhalds maturinn? (Enginn): **Nautalundir.**
9. Uppáhalds tónlist? (Engin sérstök): **Engin sérstök.**
10. Uppáhalds dýrið? (Kettil): **Örn.**
11. Dulinn hæfileiki. (Enginn): **pass.**
12. Hawaii eða Spánn? (Hawaii): **Hawaii.**
13. Uppáhalds fatamerki? (Adidas): **Puma.**
14. Drauma starfið? (Flugmaður): **Flugmaður.**
15. Appelsín eða kók? (Appelsín): **Appelsín.**

9 rétt

Viktor og Sveinberg



Sveinberg um Viktor

1. Afmælisdagur? (25. febrúar): **25. febrúar.**
2. Uppáhalds fagið? (Íslenska): **Landafræði.**
3. Hversu mörg systkini? (2): **Tvö.**
4. Á vinur þinn gæludýr? (Nei): **Nei.**
5. Uppáhalds litur? (Blár): **Appelsínugulur.**
6. Æfir vinur þinn eitthvað? (Handbolta): **Handbolta.**
7. Uppáhalds lagið? (Dyr númer 7): **Lítill drengur.**
8. Uppáhalds maturinn? (Heimabökuð pizza): **Mjólkurgrautur.**
9. Uppáhalds tónlist? (Allt): **Gamalt íslenskt**
10. Uppáhalds dýrið? (Gíraffi): **Gíraffi.**
11. Dulinn hæfileiki. (pass): **Leikari.**
12. Hawaii eða Spánn? (Spánn): **Spánn.**
13. Uppáhalds fatamerki? (Nike): **Nike.**
14. Drauma starfið? (Flugmaður): **Flugmaður.**
15. Appelsín eða kók? (Kók): **Kók.**

9 rétt

Persónuleikapróf



1. Hvaða lýsing á best við þig?

- a. Ég er mjög venjulegur unglingur.
- b. Ég er mjög fyndinn unglingur.
- c. Ég er listrænn unglingur.
- d. Ég er mjög nýttískuleg/ur.




2. Í bekkum þínum ert þú:

- a. Þessi vinsæla/i.
- b. Þessi feimna/i.
- b. Þessi sem er vinur allra.
- c. Þessi fyndna/i.



3. Hvaða stjörnu myndir þú helst vilja eiga fyrir vonkonu/vin?

- a. Will Smith.
- b. Billie Eilish.
- c. Jim Carrey.
- d. Noah Cyrus.




4. Hver er uppáhaldsliturinn þinn?

- a. Ljósblár.
- b. Bleikur.
- c. Grár.
- d. Ég á ekki uppáhalds lit.



5. Hvaða tösku af eftirfarandi berð þú helst?

- a. Gucci bakpoka.
- b. Lois Vuitton.
- c. Nike.
- d. Adidas.



6. Hverju klæðist þú helst við einfaldar gallabuxur?

- a. Stuttermabol með áletrun.
- b. Sætum gráum top.
- c. Fallegum jakka.
- d. Flottri og svalri peysu.



7. Ef þú ættir eigið vörumerki, hvers konar vörur myndir þú gera?

- a. Gallabuxur.
- b. Ilmvötn.
- c. Farsíma.
- d. Persónuleg armbönd.

8. Hvernig lítur herbergið þitt út?

- a. Hmm, eins og venjulegt svefnherbergi.
- b. Það er hrikalega svalt og nýttískulegt.
- c. Skítugt og ógeðslegt.
- d. Stórt.

9. Hvert er lífsmottó þitt?

- a. Ég skipti máli.
- b. DIY.
- c. Vera ég sjálf/ur.
- d. Hef ekki neitt ákveðið.

Persónuleikapróf niðurstaða

Flest a: Þú er Vero Moda

VERO MODA er merkið sem hentar fyrir persónuleika þinn. Þú ert félagslyndur og nýtskulegur unglingur og fylgir nýjustu tískustraumum og það vilja allir vera með þér. Þér finnst þú vera ósköp venjulegur unglingur en hvað er venjulegt? Það er mikill dugnaður í þér og þig dreymir um að starfa innan tískuheimsins. Við hjá Kalla erum handuiss um að þú náir þeim markmiðum þínum. Aldrei gefast upp!

VERO MODA®

VICTORIA'S SECRET

Flest b: Þú ert Victoria's Secret

Þú nýtur lífsins og vilt lifa því til fulls. Uppáhaldsliturinn þinn er bleikur og það vita allir sem einhvern tíman hafa hitt þig. Þú klæðist nefnilega alltaf einhverju bleiku! Þú elskar súkkulaði og það gerum við líka:) Victoria's Secret er það merki sem passar best við þig þar sem það felur allt það sem þér líkar best við, eins og bleikt, bleikt, og meira bleikt. Það verður varla betra!

Flest c: Þú ert Apple

Þú er hefðbundinn og glæsilegur unglingur sem býr yfir listrænum hæfileikum. Þú elskar tækni og munt örugglega finna eitthvað upp sjálfur í nánustu framtíð. Þú ert fljótur að hugsa og hugsar gjarnan út fyrir boxið og þess vegna er Apple vörumerkið fyrir þig. Slagorðið þess er einmitt "Think Different". Þú gengur um með margar hugmyndir og drauma í maganum sem þú munt án nokkurs vafa láta verða að veruleika. Þú ert drífandi og gefst ekki upp þótt á móti blási. Haltu svona áfram og þá munt þú ná langt!



Flest d: Þú er þú sjálf/ur :)

Vertu þú sjálfur, gerðu það sem þú vilt. Vertu þú sjálfur, eins og þú ert. Láttu það flakka, dansaðu í vindinum. Faðmaðu heiminn, elskaðu!

Öll þessi upphafning þegar kemur að dýrum lúxusmerkjum er ekkert fyrir þig. Þú ert þú sjálf/ur og stendur bara fyrir þínu eigin merki. Vertu ekki að eyða endalausum tíma í að ákveða hverju þú ætlar að klæðast, veldu bara það fyrsta sem þú sérð í fataskápnum. Það er ekki

einn einasti maður í öllum heiminum sem er nákvæmlega eins og þú, sem er svo ótrúlega svalt. Vertu óhrædd/ur að fara þínar eigin leiðir og ekki leyfa öðrum að stjórna þér. Þú er einfaldlega alveg ótrúlega flottur unglingur!

Melrós - Lilja - Hafsteinn

Hildur Guðnadóttir



Sigurganga Hildar Guðnadóttur tónskálds á sér engin fordæmi og erum við hjá Kalla að rifna úr stolti af stelpunni okkar.



Hún er ekki bara hæfileikarík heldur hefur hún sópað að sér stærstu sjónvarps- og kvímyndaverðlaunum á þessu ári. Hildur hefur m.a. hlotið Óskarsverðlaun, Golden Globe- og BAFTA-verðlaun fyrir tónlist sína í Joker og Grammy- og Emmy-verðlaun fyrir tónlist sína í þáttunum Chernobyl. Núna í september hlaut hún síðan Opus Klassik verðlaunin fyrir Chernobyl, en þau eru veitt fyrir nýstárlegustu tónleika ársins. Hildur er fyrsti Íslendingurinn til að hljóta Óskarsverðlaunin og aðeins fjórða konan í 92 ára sögu Óskarsverðlaunanna til að hljóta Óskarsverðlaun fyrir frumsamda tónlist. Er þetta nú ekki eitthvað!



En hver er þessi glaðværa 37 ára kona, sem hefur skotist upp á stjörnuhimininn? Hún er fædd í Reykjavík árið 1982. Sjö ára gömul byrjaði Hildur að læra á selló í Tónlistarskóla Reykjavíkur. Hún fór snemma að syngja í kór og síðan söng hún með móður sinni heima og síðar á Fjörúkránni þar sem móðir hennar söng reglulega. Árið 2006 kom fyrsta sólóplata Hildar út hjá 12 tónum, þar sem hún spilaði á öll hljóðfærin sjálf ásamt því að taka upp og semja tónlistina. Við hjá Kalla munum sannarlega fylgjast spennt með störfum Hildar í framtíðinni en við viljum enda á hennar eigin orðum:

„Til stelpnanna, til kvennanna, til mæðranna, til dætranna, sem heyra í tónlistinni rísa upp að innan; látið í ykkur heyra. Við þurfum að heyra raddir ykkar!“ (Hildur Guðnadóttir)

Sólveig og Brynja



Palli íþróttakennari

Hvenær byrjaðir þú að æfa íþróttir?
Árið 1975 eða þegar ég var 5 ára.

Hefur þú farið út í heim að keppa í íþróttum?
Já mjög oft í fótbolta.
Hvað er asnalegasta atvikið þitt í íþróttum?
Þegar ég bætti við fimmtu íþróttagreininni sem mig langaði til að æfa. Ég keypti mér skíði og á fyrstu æfingunni fór ég upp í Strútu og lagði af stað niður brekkuna en datt mjög fljótlega. Ég missti skíðið af mér en það versta var að ég hafi gleymt að kaupa bremsu á skíðin þannig að skíðið fór á ofsa hraða niður brekkuna. Eftir langa leit fannst skíðið en ég þurfti ekki að nota það meira því ég hætti að æfa eftir þessa æfingu.

Með hvaða liði heldur þú í ensku deildinni?
Ég er Púllari.
Borðar þú eitthvað sérstak fyrir æfingar?

Já oftast kjúkling eða pasta fyrir leiki en eitthvað kolvetnisríkt fyrir æfingar.
Hefur þú lent í meiðslum?
Nei ég hef verið ótrúlega heppinn og nánast aldrei misst úr leik vegna meiðsla.
Hefur þú unnið marga verðlaunapeninga?
Já, þegar ég var í yngri flokkunum en þeim hefur eitthvað fækkað í meistaraflokki en þó unnið eitthvað.
Ertu nammigrís?
Já, en ekki alla daga.
Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?
Vera í vinnunni þegar nemendur eru geggjaðir og duglegir.
Uppáhalds liturinn?
Rauður eða svartur.
Jarðarberjaís eða vanilluís?
Jarðarberjaís.
Sólarupprás eða sólsetur?
Sólarupprás.
Nike eða Adidas?
Nike.
Hvað heldur þú að þú hafið

verið í síðasta lífi?
Svartur pardus.
Uppáhalds orðið?
Kjellinn.
3 orð sem lýsa þér best?
Rólegur, frekar þéttur, meðfærilegur.
Örugg leið til að gera þig pirraðan?
Óþarfa öskur.
Uppáhalds veitingastaðurinn?
Greifinn.
Hvaða kennara myndir þú taka með á eyðieyju?
Sella.
Uppáhalds drykkurinn?
Kaffi.
Ed Sheran eða Adam Levine?
Adam Levine.
Ertu með tattoo?
Skammstöfunina á börnunum á öðrum handleggnum og Púllarinn er hinu megin.



Jón Páll og Ólöf Alda

Brandarahornið

AFHVERJU FARA HAFNARÞINGAR MEÐ STIGA ÚT Í BÚÐ? (ÞVÍ VERÐIÐ ER SVO HÁTT).
HVAÐ KOMAST MARGIR HAFNARÞINGAR Í TÓMAN STRÆTÓ? (BARA EINN ÞVÍ ÞÁ ER HANN EKKI LENGUR TÓMUR).
HJÁ SÁLFRÆÐINGNUM:
SJÚKLINGURINN: ÉG HEF ÞAÐ Á TILFNINGUNNI AÐ ÉG SÉ JARÐARBER.
SÁLFRÆÐINGURINN: ÞÍÐUÐ AÐEINS Á MEÐAN ÉG NÆ MÉR Í RJÓMA.

BARNIÐ: MAMMA MÁ ÉG LESA ÞANGAÐ TIL ÉG SOFNA?
MAMMA: JÁ, EN EKKI MÍNÚTU LENGUR.

GEIRI VIÐ MÖMMU: ÉG VIL FÁ SYSTUR Í JÓLAGJÖF.

MAMMA: AF HVERJU VILTU ÞAÐ, GEIRI MINN?
GEIRI: Æ, ÉG ER ORÐINN SVO LEIÐUR Á ÞVÍ AÐ PIRRA KÖTTINN.

GEÐLÆKNIRINN VAR AÐ SÝNA GESTUM NOKKRUM GEÐVEIKRAHÆLI SITT OG KOMU ÞÁ AÐ KLEFA ÞAR SEM MAÐUR SAT OG STARÐI ÚT Í BUSKANN. HVAÐ ER AÐ ÞESSUM MANNI, SPURÐI GESTURINN. Æ, HANN MÆTTI SVONA Á BRÚÐKAUÐSDAGINN SINN, SVARAÐI LÆKNIRINN. KÆRASTAN HANS STAKK AF MEÐ ÖÐRUM MANNI OG SKILOI HANN EINAN EFTIR VIÐ ALTARIÐ. ÞÁ TRUFLAÐIST HANN, MANNRÆFILLINN. ÞEIR HÉLDU SVO ÁFRAM OG LITU INN Í NÆSTA KLEFA OG ÞAR STÓÐ MAÐUR OG BARÐI HÖFÐINU ÁN AFLÁTS Í VEGGINN. EN HVAÐ MEÐ ÞENNAN, SPURÐI

GESTURINN? ÞENNAN, SAGÐI GEÐLÆKNIRINN, ÞETTA ER MAÐURINN SEM HÚN GIFTIST.

ANNA HITTI VINKONU SÍNA LÍNU LJÓSKU Í FYRSTA SKIPTI Í TÓLF ÁR OG SPURÐI HANA AÐ ÞVÍ HVORT HÚN ÆTTI BÖRN. JÁ, NÍU STRÁKA, SVARAÐI LJÓSKAN. NÍU STRÁKA! ÞAÐ ER ALDEILIS. OG HVAÐ HEITA ÞEIR. LJÓSKAN: ÞEIR HEITA JÓN. ALLIR, SPYR ANNA? JÁ, ÞAÐ ER SVO ÞÆGILEGT AÐ HAFNA SAMA NAFNIÐ Á ÞEIM ÖLLUM. TIL DÆMIS ÞEGAR MAÐUR KALLAR Á STRÁKANANA Í MAT, ÞÁ SEGIR MAÐUR BARA JÓN OG ÞEIR KOMA ALLIR OG SETJAST VIÐ BORÐIÐ. EN HVAÐ GERIR ÞÚ SVO ÞEGAR ÞÚ ÞARFT AÐ TALA EINSLEGA VIÐ EINHVERN ÞEIRRA? NÚ, ÞÁ BÆTI ÉG BARA FÖÐURNAFNINU HANS VIÐ.

EINU SINNI VORU LJÓSKA OG BRÚNKA ÚTI Í GÖNGUTÚR OG ÞÁ SAGÐI BRÚNKAN: "SÉRÐU DAUÐA FUGLINN?" LJÓSKAN LEIT UPP Í LOFTIÐ OG SAGÐI: "HVAR !?"

LÆKNIR, LÆKNIR ÉG HELD AÐ ÉG SÉ ORÐINN BLINDUR.
JÁ, ÉG HELD ÞAÐ LÍKA ÞVÍ ÞETTA ER PÓSTHÚSIÐ.

Brynja, Lilja og Sólveig

Sturlaðar staðreyndir

Vissir þú að giraffi getur þvegið sér um eyrun með sinni eigin tungu?
Vissir þú að ökumaður eyðir að meðaltali hálfu ári af ævi sinni stopp á rauðu ljósi?
Vissir þú að allir ísbirnir eru örvhendir?

Vissir þú að lög í Alaska segja að það sé bannað að horfa á mús úr flugvél?
Vissir þú að á hverju ári slasa 40.000 Bandaríkjamenn sig á klósettinu?

Brynja, Lilja og Sólveig

Verðkönnun

Neysluvara / Verslun	Krambúð	Netto	Bónus
Hleðsla.	319	229	265
Brauð.	479	369	169
Jarðarberjasvali.	199	199	169
Núðlur.	129	319	98
Corny.	139	299	89
Pizzasnúður.	238	359	329
ABT mjólk.	239	179	159
Orkudrykkir.	329	529	162
Vit Hit.	349	249	229
Powerade.	369	159	129
Epli, Pink lady rauð.	375	199	498
Kók.	399	224	299
Kaffi.	999	704	798
Léttmjólk.	219	190	229
Kornflex.	489	579	549
Mjólk.	189	161	156
Ostaslaufa.	379	399	398



Hafsteinn, Melrós og Lilja

Gilitrutt - Orðarugl

S	T	O	R	S	K	O	R	I	N	F	G	E	G	H	Y	J	U	K	D
K	I	L	O	P	Æ	K	J	H	Y	T	R	F	G	U	L	L	F	R	A
B	D	F	Á	M	Á	L	G	A	F	G	R	H	T	J	U	K	I	L	Ð
Ö	A	S	D	E	F	R	G	T	H	Y	J	U	K	I	L	O	Æ	P	L
N	V	B	N	H	G	T	Y	H	J	U	K	M	P	Æ	L	V	J	U	A
D	S	T	J	Ö	R	N	S	Ö	M	A	S	D	F	R	F	E	V	B	U
I	M	N	B	V	X	S	D	F	G	T	R	E	D	F	T	F	H	J	S
Æ	L	O	K	I	J	D	U	G	L	A	U	S	Ð	P	O	A	I	U	J
J	K	I	L	O	L	I	K	U	J	U	J	E	Y	A	T	R	E	D	D
E	R	F	T	G	Y	H	U	J	U	K	I	K	I	N	I	K	U	J	U
U	N	D	I	R	G	A	N	G	J	Y	H	K	H	G	H	J	Y	H	Y
H	T	G	T	F	R	D	R	H	H	E	H	U	J	U	E	G	G	G	H
E	G	T	N	H	J	Y	H	J	U	K	Y	R	G	R	I	T	I	T	T
V	A	Ð	M	Á	L	L	Y	B	T	M	Æ	L	O	V	Ð	H	L	T	G
N	M	H	J	T	K	E	R	L	I	N	G	J	K	Æ	J	G	I	H	H
N	M	G	J	T	G	T	J	U	K	I	L	G	T	R	U	G	T	H	J
H	N	M	T	H	J	Y	U	I	K	J	H	T	G	R	S	F	R	H	H
H	P	J	Ö	Ð	S	A	G	A	H	J	T	F	R	D	Ö	F	U	H	N
N	B	M	J	H	G	F	D	S	E	D	T	G	B	N	M	J	T	G	F
H	U	S	F	R	E	Y	J	A	N	M	H	J	K	L	Æ	Ð	T	I	H

ÞJÓÐSAGA
GILITRUTT
BÓNDI
DUGLAUS
DÁÐALAUS

ULL
STÓRSKORINN
STEEKUR
VAÐMÁL
ÁMÁLGA

KERLING
VEFA
ANGURVÆR
UNDIRGÖNG
IÐJUSÖM

STJÓRNSÖM
HUSFREYJA

ChitoCare Beauty...nákvæmlega, hvað er það???

Við hjá Kalla viljum vekja athygli á því að Chitocare hlaut Global Makeup Awards UK gullverðlaunin fyrir rakakremið Face Cream og bronsverðlaun fyrir rakamaskann Serum Mask. Við erum að tala um vörur úr héraði en fyrirtækið er á Siglufirði. Okkur finnst þetta algjör snilld og enn meiri snilld þegar við skoðuðum betur hvað er á bak við þessar vörur. Það er alltaf verið að tala um að við þurfum að vera umhverfisvæn og hugsa vel um bæði menn og dýr. Þá bara datt einhverjum í hug að fara að nýta rækjuskel sem áður hafði verið hent í sjóinn og breyta úrganginum í verðmæti. Þetta er gert þannig að úr rækjuskelinni er einangrað kítín sem síðan er notað í fæðubótarefni, lækningatæki og snyrtivörur. Kítósan er náttúruafurð sem hefur þann eiginleika að græða og vernda húðina ásamt því að vera bakteríudrepandi. Vel gert Siglufirðingar!



Tvær verðlaunavörur, tvönnu sem getur ekki klikkað!

Kalli elskar þetta..

Lilja og Melrós

Ætla að fá mér!

Geggjaðar vörur...

ChitoCare Iceland á facebók!!!

GLERAUGUN á NEFIÐ!

Ekki gefast upp á biðinni, veturinn kemur! Þangað til notum við tímann til að velja okkur svölustu sólgleraugun svo við séum tilbúin til að taka á móti snjónum. Hér eru nokkrar gerðir sem eru efstar á okkar lista akkúrat núna!



Melrós, Lilja og Brynja

Söfnun birkifræja fyrir endurheimt birkiskóga og kolefnisbindingu.

Nemendur í 9. og 10. bekk lögðu sitt af mörkum í landsátaki í söfnun birkifræja. Söfnunin er liður í verkefni sem snýr að endurheimt birkiskóga, en þeir eru mjög mikilvægur þáttur í uppgræðslu lands og kolefnisbindingu. Á rýru landi er gjarnan losun kolefnis því þar er gamall jarðvegur enn að


rotna. Þegar landið klæðist birkiskógi stöðvast þessi losun og kolefnisbinding hefst í staðinn. Það er líka ekkert verra að fara út og njóta fallelgra haustdaga, kynnast landinu og bæta ásýnd þess í leiðinni. Þeir sem eru lítið ánægðir með snoðklippta ásýnd landsins og vilja leggja eitthvað að mörkum til að

klæða það og bæta ættu að skella sér út og ná í nokkur birkifræ. Við hjá Kalla viljum meina að skógurinn fegri landið og verji það gegn jarðvegsrofi. Nánari upplýsingar má finna á birkiskogur.is.

Ritstjórn Kalla



Lalli deildarstjóri



Hvernig væri draumastefnumótið þitt?
Á skemmtiferðarskipi í Karabíska hafinu.
Hvað er það skemmtilegasta sem þú gerir?
Áð ferðast með vinum og góðu ferðafólki.
Hvað gerir þú aðallega í frítímanum þínum?
Fer í göngutúra, er með barnabörnunum og stunda íþróttir.
Hefur þú spilað á hlóðfæri?
Nei.
Hvað finnst þér gott að borða?
Fuglakjöt.
Hvað er uppáhalds liturinn þinn?
Blár.
Hvað finnst þér líkt með þér og Sylvester Stallone?
Báðir upprunalega dökkhærðir :)
Jardarberjais eða Vanilluís?
Jardarberjais.
Sólarupprás eða sólsetur?
Sólsetur.
Hundur eða köttur?
Köttur.
Snjór eða rigning?
Snjór.
Spánn eða Hawaii?
Hawaii.
Nike eða Adidas?
Adidas.
Teiknimyndir eða kvikmyndir?
Kvikmyndir.
Hvað heldur þú að þú verðir í næsta lífi?
Sjómaður.
Hvað gerir þú ef þú verður feiminn?

Tel í mig kjark.
Uppáhalds setningin þín?
Góðan og blessaðan daginn.
Uppáhaldsordid þitt?
Glæsilegt eða geggjáð.
Besta gjöf sem þú hefur fengið frá vini?
Gjafabréf með fallegum orðum.
Uppáhaldslagið?
Baby I'm going to leave you með Led Zeppelin.
Þrjú orð sem lýsa þér best?
Glaðlegur, hress og til í allt.
Versta ráð sem þú hefur fengið?
Skilaði göf fyrir hrun og ætlaði svo að ná í hana aftur en þá hafði hún hækkað heilan helling.
Er létt að gera þig pirraðan?
Nei.
Hver er fyrirmyndin þín?
Stefán gamli íþróttakennarinn minn.
Uppáhalds hluturinn þinn?
Hálsmenið mitt sem ég hef gengið með síðustu 30 árin.
Uppáhalds skórnir?
Nýju gönguskórnir.
Hvaða persónu myndir þú taka með á eyðieyju?
Honuna mína.
Uppáhalds drykkurinn?
Gott kaffi.
Ertu með tattoo?
Nei.

Brynja og Sólveig

Sumarfríð

Ég fór til Svíþjóðar og gerði svo mikið. Ég fór í 10.000 nammi sorta búðina og fékk mikið nammi. Ég fór í frumskógin og sá mikið af dýrum. Ég fór líka á ströndina og hoppaði í sjóinn og synti yfir á ströndina. Ég prófaði að fara í buslulaug og það var mjög gaman. Ég borðaði fullt af ís og prófaði fullt af tækjum eins og t.d. fallturn. Ég vaknaði stundum klukkan sjö miðað við íslenskan tíma en í þá var klukkan orðin níu í Svíþjóð. Ég kíkti í fullt af búðum og það fannst mér gaman. Það var gaman að kynnst vinkonum vinkonu minnar í búðarferðinni. Ég fór í lest í fysta skiptið á ævi minni og mér fannst ótrúlega skrítið að ef maður missti af strætó þá þurfti maður bara að bíða í 5 mínútur eftir næsta strætó. Við fórum á safn þar sem við gátum farið í helli. Þar sáum við refi og refaunga. Við sáum líka egg sem hægt var að fara inn í. Ég fór inn í það og þurfti að brjótast út úr því aftur.

Rebekka Rut 5. bekk

Ferðarlagið ógurlega

Einu sinni voru fjórar vinkonur að fara í útilugu og þær hétu Diljá, Ewa, Soffia og Valdís. Dag einn vöknudis þær snemma um morguninn til að græja nesti og fót í tösku og drífu sig til þess að fara í rútuna. Þegar einn klukkutími var liðinn þá voru þær komnar í Dimmaskóg. Síðan fóru þær að tjalda risastóru tjaldinu sínu og Ewa og Soffia fóru að tína greinar fyrir eld af því að það var svo kalt. En eftir sirka þrjár mínútur heyrðu Diljá og Valdís öskur í skóginum og Valdís sagði: "Heyrðir þú eitthvað?" og þá svaraði Diljá: "Já!" Þær hlupu inn í skógin af því að þetta hlutu að vera Ewa og Soffia. Svo þegar þær voru búnar að hlaupa smá langt sáu Diljá og Valdís manneskju. Diljá og Valdís sáu mann halda á risa pokum og það hreyfðist eitthvað í pokunum eins og manneskjur. Diljá og Valdís hlupu á manninn og Valdís reif pokana af honum og Diljá sparkaði í hann og hann datt og rotaðist. Síðan fóru þær að sofa og allt var í lagi. Daginn eftir vöknudis þær snemma og pökkuðu saman og fóru heim með rútunni.

Ewa, Valdís, Diljá og Soffia. 5 GS.

Hvernig lærir þú?

Ert þú lestrarhestur, glósari eða spjallari? Finndu út hvaða tækni hentar þér best við að læra með þessu einfalda prófi!

- a) Allt í lagi, þá er að byrja á næstu bók.
b) Vá, ég kláraði HEILA bók!
c) Jája, ég ver að hringja í einhvern og
ræða bókina!

[illegible]

- a) Ekki margt, það stendur allt í bókinni svo ég þurfti ekki að hlusta mjög vel í tímanum.
- b) Hmm, besta þ hreinskrifa glósurnar, þær eru frekar sóðalegar í stílabókinni minni.
- c) Vonandi er vinkona mín/vinur minn með efnið á hreinu svo við getum spjallað um tímann.

[illegible]

- a) Sú/Sá sem gerir mesta vinnuna.
- b) Sú/Sá sem kemur með skemmtilegar hugmyndir að því hvernig allt á að líta út.
- c) Sú/Sá sem tekur stjórnina og er hópstjórinn.

[illegible]

- a) Dagatalið? Skipulagið er allt í höfðinu á mér svo ég þarf ekkert dagatal.
- b) Það er í mörgum fallegum litum, útkrotað og er besti vinur minn.
- c) Eg nota dagatalið í símanum mínum og þar skrái ég allt sem ég þarf að muna.

[illegible]

- a) Ég fer í langan göngutúr til að hreinsa hugann. Svo sest ég upp í sófa með bókina og les.
- b) Ég leita að góðri heimildarmynd um efnið og horfi á hana um leið og ég skrifa niður punkta.
- c) Ég fæ mér að borða og svo ræði ég efnið við vini mína á meðan ég borða.

[illegible]

- a) Ég er dugleg/ur í skólanum.
- b) Ég er mjög listræn/n í mér.
- c) Ég elska að kynnst nýju fólki.

[illegible]

- a) Þú lest smávegis í bókinni sem þú ert að lesa núna.
- b) Þú hleður inn nokkrum vel völdum myndum á Instagram.
- c) Þú spjallar við vinkonu eða vin í símanum.

[illegible]

- a) Ríthöfundur eða blaðamaður.
b) Einhvers konar listamaður.
c) Yfirmaður - ég kann vel við að stjórna!

□ □ □ □ □ □ □ □ □ □ □ □ □ □ □ □ □ □

Willi, Jón Páll og Fannar Trausti

Hvernig lærir þú - niðurstöður

Flest a; Lestarahesturinn
LÆRDÓMSTÆKNIN ÞÍN: Lesa, lesa, lesa.
HJÁLPARTÆKI: Yfirstrikunarpennar.
FORÐASTU: Að lesa allt efnið á einu kvöldi.

Þú er án vafa lestarhestur og þú átt auðvelt með að læra - að miklu leyti til er það vegna þess að þú þarft ekki að hafa mikið fyrir að læra hluti. Þú manst allt sem þú lest og þú lest bæði hratt og mikið. Stundum lærir þú meira að segja allt efnið kvöldið fyrir próf, sem er ekki endilega besta lærdómstæknin. Byrjaðu frekar nokkrum dögum fyrir próf og lærðu smávegis á hverju kvöldi. Stirkaðu undir mikilvægar staðreyndir svo þú getir auðveldlega lesið aftur yfir þau atriði því jafnvel "proffi" eins og þú þarft að endurtaka efnið til að festa það í minni. Ef þú skipuleggur námið aðeins betur og treystir ekki eingöngu á ofurheila þinn þá getum við lofað að þú manst enn betur það sem þú lærir.

Þú ert með sjónrænt minni og þín sterka hlið er list af hvaða tagi sem er þar sem þú þarft ekki að sitja með nefið ofan í bókum endalaust. Þú lærir best með því að gera hugmyndakort sem gefa þér góða yfirsýn yfir námsefnið á myndrænan hátt. Að skrifa niður glósur með flottum pennum, teikna litlar skýringarmyndir og að hlusta og/eða horfa á heimildamynd um efnið er góð leið fyrir þig til að nýta þér skapandi eiginleika þína til að læra hluti. Gott ráð fyrir þig er að ljósrita blaðsíður úr skólabókum svo þú hafir frelsi til að nota alla flottu pennana þína með því að strika undir og glósa á síðurnar - þannig verður námið án efa bæði skemmtilegra og auðveldara fyrir þig!

Flest b: Glósarinn
Lærdómstæknin þín: Stuðningsorð,
hugmyndakort og punktar.
Hjálpartæki: Falleg stílabók og
skemmtilegir pennar.
Forðastu: Að krita út stílabækurnar þínar.

Flest c: Spjallarinn
Lærdómstæknin þín: Spjall og umræður.
Hjálpartæki: Upptökutæknin á símanum.
Forðastu: Að treysta á aðra.

Þér líkar að spjalla, vera miðpunktur athyglinnar og að stjórna. Að læra er ekki þín uppáhaldsiðja en þú veist að skólinn er mikilvægur og þú ert duglegur og vilt fá góðar einkunnir. Þú lærir mest í gegnum samræður og þér finnast skólabækur vera dálítið gamaldags. En ef þú hefur engan til að ræða námsefnið við þá virkar raunar ágætlega að fara upphátt með glósur og staðreyndir til að festa námsefnið í minninu. Prófaðu. Það er furðu áhrifaríkt að tala upphátt við sjálfan sig! Annað gott ráð er að taka sjálfa sig upp á símann sinn - annað hvort bara röddina eða búa til myndband - þar sem þú ferð yfir efnið sem þú hefur verið að læra. Maður einbeir sér betur þegar maður veit að það er verið að taka mann upp. Þú manst staðreyndirnar betur bæði með því að taka upp og þegar þú hlustar eða horfir aftur á upptökuna.

VIÐ ERUM GRAENFÁNASKÓLI

FJÓRAR MÝTUR

UM HLÝNUN JARÐAR

1. ÞETTA ER EKKI ORSÖK MANNFOLKSINS.

RANGT!

Hlýnun jarðar er víst orsök okkar mannfólksins. Samkvæmt vísindanefnd Sameinuðu þjóðanna um loftlagsbreytingar leikur enginn vafi á að losun manna á gróðurhúsalofttegundum hefur áhrif á hlýnun jarðar. Hún veldur bráðnun jökla, hækkun sjávarborðs og veðrabreytingum.

2. ÞAÐ ER UMhverfisvænna AÐ LESA AF TÖLVUSKJÁNUM HELDUR EN AF PAPPÍR.

RANGT!

Vissulega sparar það tré og skóga að lesa tímarit og bækur af tölvum en rannsóknir hafa sýnt fram á að rafmagnið og orkan sem tölvurnar nota hafi meiri áhrif á umhverfið. Að kaupa og lesa rafbækur hefur jafnslæm áhrif á loftslagið og heilt ár í áskrift að tímariti!

3. ÞAÐ TEKUR ÞVÍ EKKI AÐ FLOKKA RUSL, ÞAÐ ER HVORT SEM ER ÖLLU BLANDAÐ SAMAN Á ENDANU

RANGT!

Þegar sorpbilarnir koma og sækja ruslið getur litið út fyrir að allt fari saman í einn gám, en það gerir það ekki. Allt sem er flokkað í endurvinnslu fer á mismunandi staði til endurvinnslu. Sem sagt: Flokkum allt rusl!

4. ÞAÐ ER ALLT OF DÝRT AÐ KAUPA VISTVÆNAR VÖRUR.

RANGT!

Því fleiri sem kaupa vistvænar vörur því ódýrari verða þær. Að kaupa vistvænt ræktaðar vörur og mat er örlítið dýrara en það á þó ekki við um allar vörur. Bara á síðustu árum eru fleiri vistvænt ræktaðar vörur á sama verði og sumar jafnvel ódýrari en þær sem ekki eru ræktaðar á vistvænan hátt. Við ættum því að velja vistvænt!

Vistvænt.....hvað?

Hvað felur það í sér að maturinn sé ræktaður á vistvænan hátt? Jú, það að hann er ómeðhöndlaður og framleiddur á náttúrulegan hátt. Vistvænt ræktað grænmeti er til dæmis ræktað án þess að notaður sé áburður eða önnur vond efni. Vistvænt ræktað kjöt kemur af dýrum sem hafa fengið að ganga laus og eru ekki sprautuð með sýklalyfjum.

FLOKKUM
RÉTT!

Snúum þróuninni við

Kannski ertu að hugsa...uuu, það er ekkert hægt. En það er bara ekki rétt því við getum gert ótrúlega margt til að bjarga umhverfinu og hægja á gróðurhúsaáhrifunum og áhrif þeirra á hlýnun jarðar. Ef við gerum það leysum við um leið vandamál á borð við fátækt, útrýmingu dýrategunda og hungursneyð. Fyrsta skrefið í átt að breytingum er að átta sig á að það sé hægt!



Ekki líta á umhverfismál sem erfiðleika eða vonlaust verkefni. Líttu frekar á það sem spennandi áskorun að geta haft áhrif á heiminn - saman.

Þú - UMhverfissinni?

Maður þarf ekki að faðma tré eða vera sérfræðingur í umhverfismálum til að geta lagt sitt af mörkum. Með því að breyta litlum atriðum í daglegu lífi, eins og að velja vel vörurnar sem þú kaupir, flokka ruslið, slökkva ljósir þegar þú ferð út úr herbergi og taka hleðslutækið úr sambandi þegar ekki er verið að nota það, þá ert þú að leaaja bitt af mörkum til að aæta að auðlyndum heimsins. Einfalt, ekki satt?





Það tengist allt saman. Ruslið sem við hendum úti í náttúrunni fýkur eða skolast út á haf og upp á strendurnar í öðrum hlutum heimsins.


Lífið í skólanum



“Allir hlæja á öskudaginn”



“Allir hlæja á öskudaginn”



HEILSUHVATNING

Rautt

Þú elskar ástarlög á borð við Unconditioally með Katy Perry og All Of My með John Legend.

1. Á alls ekki við.
2. Á að hluta til.
3. Á fullkomlega við.

Þú þolir ekki að vera ein/einn.

1. Á alls ekki við.
2. Á að hluta til.
3. Á fullkomlega við.

Yolo er lífsmottó sem þú lifir eftir.

1. Á alls ekki við.
2. Á að hluta til.
3. Á fullkomlega við.

Þú vilt verða félagslyndari.

1. Á alls ekki við.
2. Á að hluta til.
3. Á fullkomlega við.

Þú elskar hópavinnu í skólanum.

1. Á alls ekki við.
2. Á að hluta til.
3. Á fullkomlega við.

Samtals:_____

Grænt

Þér líður illa af að sitja bara kyrr.

1. Á alls ekki við.
2. Á að hluta til.
3. Á fullkomlega við.

Þér líður betur á sumrin en á veturna.

1. Á alls ekki við.
2. Á að hluta til.
3. Á fullkomlega við.

Að gæta að heilsunni og lifa heilsusamlegu líferni er forgangsatriði hjá þér.

1. Á alls ekki við.
2. Á að hluta til.
3. Á fullkomlega við.

Það er orðið mjög langt síðan þú horfðir á sjónvarpið.

1. Á alls ekki við.
2. Á að hluta til.
3. Á fullkomlega við.

Í veislum ert það þú sem átt dansgólfið.

1. Á alls ekki við.
2. Á að hluta til.
3. Á fullkomlega við.

Samtals:_____



Blátt

Þú verður vonsvikin/n ef þú færð slæmar einkunnir á prófum.

1. Á alls ekki við.
2. Á að hluta til.
3. Á fullkomlega við.

Þú hefur sjaldan tíma til að hugsa um sjálfa/n þig.

1. Á alls ekki við.
2. Á að hluta til.
3. Á fullkomlega við.

Þú ert ekki góð/ur í að segja nei.

1. Á alls ekki við.
2. Á að hluta til.
3. Á fullkomlega við.

Það er alltaf mikið að gera hjá þér.

1. Á alls ekki við.
2. Á að hluta til.
3. Á fullkomlega við.

Dagdraumar eru málið.

1. Á alls ekki við.
2. Á að hluta til.
3. Á fullkomlega við.

Samtals:_____

HEILSUHVATNING – NIÐURSTAÐA

Fékkst þú flest stig í rauða, bláa eða græna boxinu?



ÞAÐ SEM LÆTUR ÞÉR LIÐA VEL – VINIR


Það getur verið alveg dásamlegt að vera einn af og til en þér líður einfaldlega best í félagsskap með öðrum - og til að þér líði vel þarft þú að hafa skemmtilegt fólk í kring um þig. Ekki gleyma að margar hversdagslegar athafnir sem þú lítur á sem leiðinlega skyldu verða skemmtilegar þegar maður gerir þær með öðrum. Af hverju prófar þú ekki að hringja í nokkra bekkjarfélaga og færð þá til að læra með þér, tekur til með systkynum þínum eða hefur samband við einhuern sem þú þekkir lítið úr skólanum þínum og býður honum með í fótbolta eða í veislu? Reyndu að finna tíma til að umgangast bæði gamla og nýja vini því það veitir þér vellíðan.



ÞAÐ SEM LÆTUR ÞÉR LIÐA VEL – RÓ OG NÆÐI



Lífið þýtur áfram á fullum hraða. Einn daginn hefur þú í nógu að snúast bæði í skólanum, með vinum og í frístundunum. Þann næsta ert þú kannski að læra fyrir mikilvægt próf. Það er alltaf eitthvað um að vera hjá þér og þú ert alltaf stressuð/ður. Til að þér líði betur þarft þú ró og næði. Þorðu að segja nei við því sem þig langar ekki að gera eða hefur ekki tíma fyrir. Það hljómar einfalt en auðveldara sagt en gert. Stundum getur verið nógu að sofa klukkutíma lengur en vanalega eða taka langa góða sturtu til að hressa þig við á morgnana svo þú hafir orku til að takast á við daginn svo þú sért hress og glöð/glaður!



ÞAÐ SEM VEITIR ÞÉR VELLÍÐAN – HREYFING

Að sitja á sófanum fyrir framan sjónvarpið er dásamlegt - fyrir suma - en það virkar ekki fyrir þig. Ef þér á að líða vel þarft þú að hreyfa þig og anda að þér fersku lofti. Finnst þér erfitt að finna tíma til að hreyfa þig? Reyndu að ganga upp tröppurnar í staðinn fyrir að taka lyftuna eða hjólaðu í staðinn fyrir að fá far á morgnana. Það er ýmislegt hægt að gera til að bæta hreyfingu inn í dásamlegt amstur jafnvel þótt maður hafi lítinn tíma. Líkamanum líður vel við að vera á hreyfingu og þú verður glaðari, frískari og sterkari.

Melrós - Lilja - Hafsteinn

Finndu ávöxt sem byrjar á ... a	Finndu hrygggleysingja sem byrjar á ... á	Finndu bæjarnafn sem byrjar á ... B	Finndu enskt orð sem byrjar á ... c
Finndu tungumál sem byrjar á ... d	Finndu samnafn sem endar á ... ð	Finndu töluorð sem byrjar á ... e	Finndu 2ja stafa orð sem byrjar á ... é
Finndu frumefni sem byrjar á ... f	Finndu lit sem byrjar á ... g	Finndu klaufdýr sem byrjar á ... h	Finndu samsett orð sem byrjar á ... i
Finndu kvk nafn sem byrjar á ... Í	Finndu mánuð sem byrjar á ... j	Finndu höfuðborg sem byrjar á ... K	Finndu þorramat sem byrjar á ... l
Finndu 3ja stafa orð sem byrjar á ... m	Finndu oddatölu sem byrjar á ... n	Finndu mjólkurmat sem byrjar á ... o	Finndu lýsingarorð sem byrjar á ... ó
Finndu sérnafn sem byrjar á ... p	Finndu stöðuvatn sem byrjar á ... Q	Finndu sagnorð sem byrjar á ... r	Finndu húsgagn sem byrjar á ... S
Finndu risaeðlu sem byrjar á ... t	Finndu land sem byrjar á ... U	Finndu villt spendýr sem byrjar á ... ú	Finndu plánetu sem byrjar á ... V
Finndu ættarnafn sem byrjar á ... W	Finndu fiskaheiti sem endar á ... x	Finndu skóladót sem byrjar á ... y	Finndu fiskaheiti sem byrjar á ... ý
Finndu kk nafn sem byrjar á ... Z	Finndu jólasvein sem byrjar á ... þ	Finndu húsdýr sem byrjar á ... æ	Finndu trjátegund sem byrjar á ... ö

Minecraft

Minecraft er leikur sem flest af ykkur hafa heyrt um eða jafnvel spilað. Minecraft er tölvuleikur eftir Markus Persson sem gengur út á að byggja mannvirki úr kubbum í því íðri veröld. Kjarni leiksins gengur út áð brjóta og staðsetja blokkir. Leikjaheimurinn er byggður úr grófum 3D hlutum, aðallega kubbum sem eru settir saman á grind með mynstrum og tákna eiga mismunandi efni svo sem mold, steina, járn, demanta, vatn og trjáboli. Spilarar

geta hreyft sig frjálst um leikheiminn en kubbablokkir er hins vegar aðeins hægt að staðsetja á ákveðnum stöðum miðað við grindina. Spilarar geta safnan þessum efnisblokkum og fært þær á aðra staði og þannig búið til mismunandi hluti. Minecraft hefur verið notað sem verkfæri í námi það sem nemendur byggja eigin þvíddarheima sem dæmi. Vinsældir Minecraft döludu þegar Fortnite kom út og þá hættu margir að spila Minecraft. En eins og oft er

þá er það Youtubestjörnu að þakka að vinsældir leiksins jukust. Þessi stjarna er með 1 milljarð fylgjendur og þegar hún setti inn minecraft vídeó þá varð aftur allt vitlaust að gera i Minecraft.

Willi, Hafsteinn og Fannar Trausti



RAFÍÞRÓTTIR ÞÓRS

Rafíþróttir eru íþróttir í tölvum. Þá er keppt í morgum leikjum eða einn leikur er valinn sem þið spilið. Keppnin fer fram í Þorshúsinu og eru þeir með 20-40 tölvur hlið við hlið. Leikirnir sem keppt er í eru til dæmis Valorent, Fortnite, Rocket League, Minecraft og CS:GO. Það skemmtilega við rafíþróttir er að það er hægt að æfa þær og við í Glerárskóla erum svo heppin að geta valið okkur rafíþróttir sem valfag. Þá er ekki bara verið að spila og keppa heldur líka farið í gegnum hvernig við eigum að haga okkur gagnvart tölvunotkun, heilsutengt gagnvart okkur sjálfum og að setja saman tölvur. Allir tímar byrja með stuttum og léttum hreyfingum til að hita upp svo það er ekki bara verið að spila tölvuleiki út í eitt eins og svo margir halda. Það er mælt með því að koma með sitt eigið fylgidót eins og lyklaborð, tölvumús og heyrnartól en ef maður getur það ekki þá er ekkert mál að fá fylgidót á staðnum. Hins vegar er alltaf gott að venjast sínu eigin fylgihlutum.

Willi, Hafsteinn og Fannar Trausti

Ritstjórn Kalla

Takk fyrir að lesa blaðið!

Hreyfing hressir, bætir,
hættir!

Vertu alltaf í góðu skapi!

Drekkum meira vatn.

Laumupúkumst!

Ég tala ekki tuð!



Brynja



Willi



Lilja



Jón Páll



**Ólög
Alda**



**Fannar
Trausti**



Melrós



Sólveig



Hafsteinn

Verið jákvæð!

KLEY!

We will always be positive!

